



TILLAGA

Viðtakandi: Velferðarráð

Sendandi: Rannveig Einarsdóttir, sviðsstjóri velferðarsviðs

Efni tillögu: Niðurfelling reglna um styrki til áfangaheimila

Lagt er til að reglur Reykjavíkurborgar um styrki til áfangaheimila frá 16. desember 2008, sem borgarstjórn samþykkti að leggja niður á fundi 6. desember 2022, falli úr gildi 1. apríl 2023.

Greinargerð:

Á fundi borgarstjórnar þann 6. desember 2022 var samþykkt tillaga um niðurfellingu reglna Reykjavíkurborgar um styrki til áfangaheimila frá 16. desember 2008, sbr. tillaga SBPC-38. Þá var sviðsstjóra fjármála- og áhættustýringarsviðs falið að útfæra breytingarnar á kostnaðarstaði í A-hluta í samráði við hlutaðeigandi svið, sbr. tillaga SBPC-93. Með vísan til fyrrgreindra ákvarðana borgarstjórnar er nú lagt til að reglurnar falli úr gildi 1. apríl nk.

Eftir að ákvörðun liggur fyrir um tímasetningu niðurfellingar reglnanna þá munu send bréf til þeirra hagsmunaaðila/áfangaheimila sem hagræðingin snertir og tilkynnt um fyrirhuguð áform um niðurfellingu reglnanna og allar nauðsynlegar upplýsingar veittar. Þeim áfangaheimilum sem þess óska mun boðið til upplýsingafundar. Styrkir verða veittir á grundvelli reglnanna þar til þær falla úr gildi. Rekstraraðilar áfangaheimilanna eiga möguleika á að sækja um styrki úr borgarsjóði sem velferðarráð úthlutar árlega til verkefna á sviði félags- og velferðarmála.

Fylgiskjal:

Minnisblað um reglur um styrki til áfangaheimila, lagt fyrir fund velferðarráðs 11. janúar 2023.